| | | |
|---|---|---|
| Nr.: GAT-115<br>Útgáfa: 01<br>Dags.: 13.02.2019 | **Menntaskólinn í Kópavogi** | |
| Höfundur: GV<br>Samþykkt: MF<br>Síða 1 af 1 | **Áfangalýsing ENSK3CC05** | |

| | |
|---|---|
| **Búið til – útg.** | 1.febrúar 2012 |
| **Námsgrein** | Enska |
| **Titill** | Enska fyrir færan notanda, c1 ii |
| **Skammstöfun** | ENSK3CC05 |
| **Viðfangsefni** | Evrópski tungumálaramminn, framhald, stig c1 |
| **Staða áfanga** | Samþykkt af skóla |
| **Þrep áfanga** | 3 |
| **Einingafjöldi áfanga** | 5 |
| **Lýsing áfanga** | Unnið að markvissri og fágaðri málnotkun. Aðaláhersla er lögð á bókmenntir, svo sem verk Shakespeares og valin nútímaskáldverk. Nemendur eru þjálfaðir í að lesa texta með tilliti til bókmenntagreiningar, málnotkunar og persónusköpunar verksins. Nemendur gera mismunandi verkefni, munnleg og skrifleg. Nemendur eru hvattir til sjálfstæðra vinnubragða auk rökstuddrar túlkunar á verkunum. |
| **Forkröfur áfanga** | ENSK3CB05 |
| **Þekkingarviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**<br>• klassískum og nútíma bókmenntatextum.<br>• helstu reglum við skipulag texta í inngang, meginmál og lokaorð.<br>• að flokka og aðgreina reglur um heimildanotkun. |
| **Leikniviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**<br>• greina ólíkar gerðir bókmenntaverka.<br>• skrifa bókmenntaritgerðir.<br>• nota heimildir við ritgerðaskrif.<br>• tjá sig með skýrum, nákvæmum lýsingum um flókin málefni. |
| **Hæfniviðmið** | **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**<br>• setja fram sjálfstæð, rökstudd sjónarmið munnlega og skriflega.<br>• skrifa ritgerðir studdar heimildum og tilvitnunum.<br>• lesa og greina flókna bókmenntatexta. |
| **Námsmat** | Áfanginn er símatsáfangi. Mat felst m.a. í heimildaritgerðum, stuttum ritunarverkefnum, munnlegum prófum, samanburði á ólíkum bókmenntatúlkunum. |